



JÓLASAMANTEKT



Um áramót - lítið yfir farinn veg

Senn rennur árið 2025 á enda og vert að líta yfir farinn veg.

Á árinu sem er að líða hefur orðið sífellt skýrara að orka snýst ekki lengur einungis um framboð og eftirspurn, heldur um öryggi, seiglu og getu samfélaga til að bregðast við margskonar áskorunum.

Orkuöryggi er í dag grunnforsenda velsældar, verðmætasköpunar og þjóðaröryggis og mikilvægt að allir hlekkir virðiskeðjunnar séu vel smurðir og viðhaldið eða jafnvel endurbættir með nýjum leiðum.

Ísland býr yfir eftirsótttri stöðu þegar horft er til endurnýjanlegra orkugjafa, en sú sérstaða kallar jafnframt á ábyrgð. Við þurfum að halda áfram að þróa kerfið okkar með áherslu á áfallaþol, sveigjanleika og nýtingu nýrrar tækni.

Þar gegnir nýsköpun lykilhlutverki – í orkugjöfum, stafrænum lausnum, geymslu og öflugu hringrásarhagkerfi. Það er í raun forsenda þess að við nýtum auðlindir á jafn ábyrgan og sjálfbæran hátt og sköpum ný tækifæri.

Engin orkuskipti verða þó án hæfni mannauðsins. Samspil menntunar, rannsókna og atvinnulífs er lykilatriði til að tryggja að greinin hafi aðgang að þeirri þekkingu og færni sem framtíðin krefst. Samhliða því skiptir alþjóðlegt samstarf sífellt meira máli.

Ísland getur lagt af mörkum dýrmæta reynslu á sviði endurnýjanlegrar orku, og þá sérstaklega jarðvarma, á sama tíma og við lærum af öðrum um orkuöryggi, innviði og nýjar lausnir.

Hlutverk Orkuklasans er að vera sameiginlegur vettvangur fyrir þessa vegferð – að tengja aðila, miðla þekkingu og styðja við samstarf sem styrkir orkukerfið, eykur verðmætasköpun og býr samfélagið undir framtíðina. Árið hefur verið annasamt og áhrifamikið og hefur verið unnið að margvíslegum aðgerðum og verkefnum samanber yfirferðin sem fylgir hér á eftir.

Við förum inn í nýtt ár með bjartsýni að vopni, sameinaða krafta þar sem árangur og áhrif verður leiðarstefið.

Saman erum við sterkari.
Með áramótakveðju
framkvæmdastjóri



15. janúar 2025

Líkt og undanfarin ár blásum við til opins nýársfundar strax í upphafi árs þar sem við drögum fram áherslur og stefnu vettvangsins á nýju ári.

Að þessu sinni verður aðalfyrirlesarinn hagfræðingurinn Konráð Guðjónsson sem mun fara yfir sjóðheita greiningu á efnahagslegu mikilvægi greinarinnar. En Konráð hefur unnið fyrir Orkuklasann og Íslandsstofu að þessari greiningu nú á haustmánuðum.

Hvenær: 15. janúar kl 14:00 - 16:00

Hvar: Kaldalóni, Harpa

[SKRÁ MIG HÉR](#)

14. janúar 2026 - Félagsfundur

Félagsfundur hefur verið boðaður 14. janúar í Grósku kl 09:30

Tilefni fundarins er sameining Orkuklasans og GEORG.

Fundarboð hefur verið sent út á alla aðildarfélaga Orkuklasans og eru stjórnendur hvattir til að mæta og eða senda sína lögbundnu staðgengla

[Skráning hér](#)

Frábært málþing fagfjárfesta og orkutengdrar starfsemi



Í lok nóvember stóð Orkuklasinn, Íslandssjóðir og Íslandsbanki að málþingi þar sem kastljósinu var beint að fagfjárfestum og orkutengdri starfsemi. Málþingið gekk glimrandi og ljóst að vegferðin að formun fjárfestingasjóðs er spennandi.

Meðal fyrirlesara var **Daði Már Kristófersson fjármála- og efnahagsráðherra**, sem lagði áherslu á að einkafjármagn komi með markvissum hætti inn í orkutengda uppbyggingu og vísaði til áforma stjórnvalda um að hraða uppbyggingu orkukerfisins í heild sinni, sem einnig endurspeglast í drögum að nýrri atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhafgfræðingur Íslandsbanka, kynnti ítarlega greiningu á fjárfestingabörf og verkefnum fram undan. Hann tengdi hagvöxt, lífshör og framþróun atvinnulífs við aukna framsækni í orkuöflun og tengdum iðnaði, og fjallaði um spár Landsnets og Orkustofnunar um vaxandi eftirspurn eftir orku og auknar líkur á orkuskorti á næstu árum. Hann benti jafnframt á að alþjóðleg eftirspurn eftir hreinorku geti reynst íslenska hagkerfinu hagfelld, ef rétt er haldið á spöðunum.

Á alþjóðasviðinu deildi **Kasper Hansen, forstjóri AIP Management**, reynslu af fjárfestingum í orkutengdri starfsemi; AIP hefur fjárfest um 8 milljörðum evra aðallega á Norðurlöndunum. Hann fjallaði um samspil slíkra sjóða við aðra hagaðila, hvers vegna endurnýjanleg orkuverkefni geti hentað langtímafjárfestum á borð við lífeyrissjóði, og undirstrikaði samfélagslegt mikilvægi slíkra fjárfestinga, meðal annars með því að draga úr kolefnisspori í þeim löndum sem fjárfest er í.

Á fundinum voru einnig örerindi frá **Reykjavík Geothermal, RARIK, Snerpu og Qair Ísland**. Þá kynnti **Íslandsbanki** áherslur sínar í lánveitingum til innviðaupbyggingar og nálgun bankans á fjármögnun slíkra verkefna.

Fundinum lauk með pallborðsumræðum með fulltrúum orkugeirans, lífeyrissjóða, stjórnvalda og fjárfestingasjóðs: **Signý Sif Sigurðardóttir (IS Afl), Rafnar Lárusson (Landsvirkjun), Sigurður Atli Jónsson (Orkuklasinn), Ólafur Sigurðsson (Birta lífeyrissjóður) og Lárus Ólafsson (aðstoðarmaður umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra)**.

Edda Hermannsdóttir stýrði fundinum.

Málþingið staðfesti að tækifærin eru til staðar, en að næstu skref kalli á skýra forgangsröðun, fyrirsjáanleika og samstarf milli fjárfesta, fyrirtækja og hins opinbera – brú sem Orkuklasinn vinnur markvisst að því að styrkja. Hægt er að nálgast upptökur frá fundinum hér.

Hægt er að hlusta á upptökur fundarins [hér](#)





BROT ÚR STARFSEMI ORKUKLASANS 2025

Starfsemi Orkuklasans hefur verið annasamt og kennt ýmissa grasa. Aðildarfélagar hafa verið öflugir í samstarfinu og ekki látið sitt eftir liggja. Stjórnin hefur verið samstillt og unnið ötullega að því að styrkja vistkerfi greinarinnar sem við munum vonandi upplifa með áþreifanlegum hætti á nýju ári. Meðfylgjandi er stikklað á stóru til upprifjunar á því sem við höfum unnið að á árinu og ykkur til hróss



Í samvinnu við **Arionbanka** stóðum við fyrir veglegum nýársfundi í húsnæðisbankans í Borgartúni. Þessi nýbreytni er að falla vel að íslensk atvinnulífi enda fjölmenni sem kom saman og ræddi um heilbrigði orkugeirans á Íslandi. Stefán Einar Stefánsson leiddi fjóruga umræður í pallborði þar sem lýkilstjórnendur orkuframleiðenda og formaður Orkuklasans sátu fyrir svörum.

Frábær fundur Orkuklasans og KPMG um stöðu vindorkunnar á Íslandi fór fram á Hilton Reykjavík Nordica 5. mars sl. Uppselt var á fundinn og voru framsöguerindi mjög góð og fræðandi. Ráðherra umhverfis-, loftslags- og orkumála, Jóhann Páll Jóhannsson, ávarpaði fundinn og tók fram að beislun nýrra orkuleiða væri lykilatriði til að stuðla að bættu orkuöryggi og auknum sveigjanleika orkuferfisins. Jóhann Páll fór jafnframt fram á nauðsyn þess að skapa sátt um vindorku.



Á vörðmánuðum tók Orkuklasinn ákvörðun um að verða partner IIW - Iceland Innovation Week og verum með fjölmennan hliðvörðmánuð þar sem við í samvinnu við **COWI á Íslandi** Á þeim fundi fórum yfir stöðu nýsköpunar í íslenska orkugeiranum á sama tíma.

Þetta verkefni var liður í skemmtilegri nýbreytni sem við stóðum að og var það unnið með starfsmen frá orkudeild **HR, "Christopher Roland Wynne-Joyce"**, sem vann með okkur að kortlagningu nýsköpunar.



Fjölmennur aðalfundur fór fram í höfuðstöðvum **VERKÍS** á vörðmánuð þar sem félagar voru heiðraðir með nærveru orkumálaráðherra, Jóhanni Páli Jóhannssyni sem flutti ávarp og hvatti féлага til áframhaldandi góðra verka.



Formannsskipti áttu sér stað á aðalfundi félagsins en þá steig **Árni Magnússon** úr formannssæti eftir 5 ára setu og við tók **Sigurður Atli Jónsson**, forstjóri Arctic Europe.

Við ítrekum þakkir til Árna fyrir tryggð og traust til vettvangsins í meira en 10 ár frá upphafi og sama tíma fögnum við kraftmikilli innkomu Sigurðar Atla sem á sl mánuði hefur látið til sín taka í undirbúningi sameiningu ólíkra vettvanga greinarinnar með heildarárvinnning að leiðarljósi




Frábært málþing sem Orkuklasinn stóð að í samvinnu við **Íslandssjóði** og **Íslandsbanka** í lok nóvember þar sem kastljósinu var beint að fagfjórðingum og orkutengdri starfsemi og tækifærin könnuð.

Fjölmenni kom saman á Hilton Reykjavík Nordica og ljóst að við förum inn í nýtt ár með spennandi veganesti




Orkuklasinn endurheimti evrópska viðurkenningu á starfsemi og hlaut bronze vottun sína á vörðmánuðum. Endurspeglar fagmennsku og klasastjórnun sem við á þegar slík skipulagsheild er stýrt. Stefnan er tekið á gullið næst!



Orkuklasinn hóf samstarf við **ACT Cluster TEAM** í Noregi á árinu og hlaut styrk frá NORA um að leiða verkefnið ERNA - Energy Resilience in the North. ERNA er spennandi vegferð rafræna viðburða og samtals milli Noregs, Íslands, Færeyja og Grænlands þar sem rýnd er staðan á áfallapoli orkutengdrar starfsemi í viðkomandi svæðum.

Markmiðið er að finna og skapa ný tækifæri fyrir féлага á svæðinu. Næsti viðburður er 28/1/2026



Líkt og undanfarin ár stóðum við fyrir sérstökum námskeiðum eða krasskúrsum í samvinnu við **AKADEMÍAS** fyrir aðildarféлага og í ár beindum við kastljósinu að tækniöryggi og nýtingu spunagreindarinnar. Krasskúrsar þessir hafa mælst vel fyrir og má vænta að slíkt verði í boði að einhverju leiti á nýju ári.



Faghóparnir voru virkir. **AOK** hittist nokkrum sinnum og fór yfir stöðuna og vann náið með samstarfsfélögum okkar hjá **Íslandsstofu**. **Utanríkisráðuneytið** tók á móti hópnum í nýjum húsnæðisnum og tvær sendinefndir **1x Utah & 1x Yukan í CA**.

Nýsköpunarhópurinn í samvinnu við starfsmennana frá **HR** voru með 3 vinnustofur og viðburð á IIW og 2 fókushópa fundi þar sem niðurstöðurnar eru skýrar

KPMG og OK hafa tekið höndum saman að skoða hvað við getum gert til að styðja við styrkingu áfallapóls greinarinnar hér heima og stefna á opinn viðburð á fyrsta ársfjórðungi 2026



Stjórnin var virk á árinu og mikil vinna lögð í sameiningarferli sambærilegra vettvanga en mikið ákall hefur verið úr feltninu að því að slík skref verði tekin..

Stjórnin tók upp nýbreytni á árinu og hóf að funda hjá félögum stjórnarfulltrúa og hefur það mælst sérstaklega vel fyrir. Rarik, Landsnet, HD og COWI hafa tekið á móti stjórn OK.

ADILDARFÉLAGAR ORKUKLASANS DESEMBER 2025

